

Samkvæmt reglugerð 430/2007 um bann við innflutningi og notkun asbests og evróputilskipun 2003/18/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna áhrifa asbests á vinnustöðum, ber þeim sem hafa í hyggju að meðhöndla asbest eða vörur úr asbesti að sækja um heimild til Vinnueftirlits ríkisins.

Eigandi:	Heimili eiganda:	Póstnúmer og sveitarfélag:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Kennitala eiganda	Netfang eiganda:	Sími eiganda:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

Verktaki:	Heimili verktaka:	Póstnúmer og sveitarfélag:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
Kennitala verktaka	Netfang verktaka:	Sími verktaka:
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

Staðsetning verks:

Hvenær er áætlað að hefja verkið, sbr. Viðauki 1 í reglugerð 430/2007:

Hvenær eru áætluð verklok, sbr. Viðauki 1 í reglugerð 430/2007:

Starfsmenn sem mun vinna við verkið sbr. 3. málsgrein 7. gr. í reglugerð 430/2007:

ATH! Allir starfsmenn sem munu vinna við verkið þurfa að hafa sótt námskeið um hættur af völdum asbests.

Nafn:	Kennitala:	Nafn:	Kennitala:

Í hverju felst verkið, stutt lýsing á umfangi og fyrirætluðum vinnuaðferðum, sbr. 1. og 2. málsgrein 7. gr. í reglugerð 430/2007:

Lýsing á öryggisráðstöfunum og hlífðarbúnaði (sbr. 6. og 7. gr. í reglugerð 430/2007):

Fatnaður:

- Við asbestvinnuna munu starfsmenn klæðast sérstökum vinnufatnaði (og þar með töldum höfuðbúnaði) sem ekki tekur í sig ryk.
- Starfsmenn munu skipta reglulega um vinnuföt og fara úr þeim í matarhléum og strax að lokinni vinnu.
- Hver starfsmaður mun hafa aðgang að tveimur fataskápum/geymslum þar sem annar er fyrir gönguföt og hinn fyrir vinnuföt.
- Asbestmengið vinnuföt verða ekki geymd eða þvegin með öðrum fatnaði.

Persónuhlífar:

- Sérhver starfsmaður mun fá til afnota eigin öndunargrímu.
 - Já Nei Þar sem lítil hættu er á að asbestþræðir losni út í andrúmsloftið mun vera notuð heilgríma með síu af gerðinni P3
 - Já Nei Þar sem hættu er á að nokkuð magn asbestþræða losni við asbestvinnuna verða notaðar heilgrímur með rafmagnsdælu sem dregur loft í gegnum síu (P3) og dælir því inn í grímu eða heilgrímu sem tengd er við ferskloftsbúnað.
- Tekið verður tillit til aukins álags sem notkun öndunargrímu hefur í för með sér fyrir starfsmann þannig að hæfileg hlé verða gerð á
- vinnunni þegar þörf er á notkun þeirra. (Ef ekki eru notaðar ferskloftsgrímur eða síað loft er aðflutt með loftdælum skal ekki unnið lengur með öndunargrímu en þrjár klukkustundir á dag og skal sá tími ekki vera samfelldur sbr. reglugerð 390/2009).
 - Aðrar persónuhlífar eins og hjálmar og öryggisskór verða notaðar eins og við á.

Vinnuaðferðir:

- Notaðar verða vinnuaðferðir og verkfæri sem hafa sem minnsta rykmyndun í för með sér.
- Svæði þar sem unnið er með asbest verður lokað af á öruggan hátt fyrir óviðkomandi.
Sett verður upp viðvörðunarskilti með eftirfarandi texta: "VARÚÐ! Asbestvinna - Óviðkomandi bannaður aðgangur."
- Þar sem hættu er á mikilli asbestmengun verður svæðið lokað af með þéttu efni sem hindrar dreifingu á asbestryki út fyrir það.
- Asbestvinnustaður skal þrífinn svo oft sem þörf krefur.
Við þríf verða notaðar ryksugur af viðurkenndri gerð eða aðrar aðferðir sem takmarka rykmengun.
- Já Nei Aðgangur að svæðinu verður í gegnum sérstakan loftræstan gang. Loftræsting svæðisins skal vera þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á ryki í annað svæði.
- Já Nei Þar sem asbestvinnan er útvinnna/lítið mengandi asbestvinna verður í nánnum tengslum við vinnusvæðið aðgangur að búningsherbergjum með aðstöðu til að geyma vinnufatnað aðskilinn frá göngufötum.
- Já Nei Í búningsherbergjum verður handlaug með heitu og köldu vatni og aðgangur að steypibaði með heitu og köldu vatni.
- Já Nei Starfsmenn hafa aðgang að steypibaði að lokinni asbestvinnu.
- Já Nei Þar sem niðurrifið er inni í byggingu, verða í nálægð við niðurrifssvæðið sett upp tvö búningsherbergi; eitt fyrir vinnufatnað og eitt fyrir gönguföt, ásamt þvotta- og baðklefa með steypibaði. Einungis verður hægt að fara á milli þeirra í gegnum þvotta- og baðklefann.

Geymsla og förgun:

- Asbestryk og asbestúrgangur verður geymdur í þéttum, merktum lokuðum ílátum og fluttur þannig til förgunar.
- Öllu asbesti og asbestsmituðum úrgangi verður fargað með fengnu leyfi heilbrigðiseftirlits viðkomandi sveitarfélags.

Aðrar upplýsingar sem umsækjandi óskar að veita:

- Allir starfsmenn sem að verkinu koma hafa farið í heilbrigðis skoðun sbr. 9 gr. í reglugerð nr. 430/2007 um bann við notkun asbests á vinnustöðum.

Til þess að umsóknin hljóti afgreiðslu er nauðsynlegt að **allir** reitir eyðublaðsins séu útfylltir og upplýsingar séu skýrar og greinagóðar.

Staður:

Dags. undirskriftar

Undirskrift umsækjanda